



HVERAGERÐISBÆR

Hveragerði

Landsbyggðarlífsgæði í
túnfæti höfuðborgarinnar



VELKOMIN Í BLÓMABÆINN!

Hveragerði er um margt sérstakur bær sem byggðist upp í kringum jarðhitasvæði í skjóli fjalla. Fjarlægð frá sjávarsíðunni og einstakt bæjarstæði kallar fram meiri veðursæld en flest sveitarfélög geta státað af. Vegna jarðvarmans var garðyrkja lengi mikilvægasti atvinnuvegurinn en auk þess hafa listamenn verið áberandi í bæjarlífinu og menningarlífið er ávallt í blóma.

FJÖLSKYLDAN Í FYRIRRÚMI

Sífelld fleiri sjá kosti þess að búa í Hveragerði. Hér er gott að vera og þjónusta fyrir alla aldurshópa er til fyrirmyndar. Stuttar vegalengdir og gott skipulag sjá til þess að foreldrar og börn eru laus við skutl og reddingar.

Í bænum eru tveir leikskólar þar sem gleði og vellíðan barnanna er höfð að leiðarljósi. Litið er á leikskólann sem fyrsta skólastigið og er fjögurra tíma viðvera á dag gjaldfrjáls fyrir útskriftaráganginn hverju sinni.

Í Grunnskóla Hveragerðis er öll aðstaða eins og best verður á kosið og möguleikar til útikennslu og útivistar vel nýttir. Mötuneyti er í skólanum og frístundaskóli er starfræktur fyrir yngstu árgangana. Systkinaafsláttur er veittur milli dagmæðra, leikskóla og frístundaskóla.

Tónlistarskóli Árnessýslu, Tónsmiðja Suðurlands og félagsmiðstöðin Skjálftaskjól starfa í Grunnskóla Hveragerðis. Nemendum úr Hveragerði er ekið í Fjölbautaskóla Suðurlands. Skólinn er í fremstu röð, þar er boðið upp á fjölbreytt verk- og bóknám og skemmtilegt félagslíf.

Í bænum heldur Íþróttafélagið Hamar uppi fjölbreyttu og öfluglu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Öll aðstaða er til fyrirmyndar og frítt er í sund fyrir börn og unglinga búsetta í Hveragerði.



Í FAÐMI NÁTTÚRUNNAR

Útivistarmöguleikar í og við Hveragerði eru í raun óþrjótandi. Í bænum sjálfum er einstakt hverasvæði, auk þess sem Varmá liðast í gegnum miðbæinn. Í kringum bæinn er svo fjöldi stórkostlegra gönguleiða og net reiðstíga. Þá er níu holu golfvöllur ofan við bæinn.

Segja má að Hveragerði sameini kosti landsbyggðarinnar og borgarlífsins. Í bænum er notalegur bæjarbragur og samkennd eins og víða á landsbyggðinni og við erum laus við stress og læti. Góðar samgöngur eru við höfuðborgarsvæðið, þangað er aðeins um 30 mínútna akstur og því er allt sem höfuðborgarsvæðið hefur upp á að bjóða innan seilingar auk þess sem fjölmargar strætisvagnaferðir eru daglega á milli Hveragerðis og Reykjavíkur og um Suðurlandið.

hve@hveragerdi.is
www.hveragerdi.is



VELKOMIN Í HVERAGERÐI BLÓMSTRANDI BÆ



Guðmundur Tyrfingsson.ehf
Grænir og Góðir síðan 1969



ScandiHall loftborin hús frá Duol.
- Hamarshöllin í Hveragerðisbæ -
Góð reynsla af yfir 30 verkefnum
á Norðurlöndunum.
www.scandihall.no



HÖFÐABAKKI 9 • 110 REYKJAVÍK • SÍMI 412 6000 • www.efla.is



Traust þjónusta í 20 ár
www.lagnir.is



Grillið hjá Möggu
Opð alla daga til 22,00

Hamborgarar, djúpsteiktur fiskur og rækjur, kjúklingasalat, kjúklingamix, samlokur, grísnitsel, pylsur og ís

Austurlenskur matur á laugar og sunnudögum frá kl 17.00-20.00

Kær kveðja Grillið hjá Möggu

Breiðumörk • Hveragerði • Sími: 4834727 • grillidhamoggu@simnet.is